



HÖRGÁRSVEIT – HRAUN Í ÖXNADAL

FYRIRHUGUÐ VINNA VIÐ DEILISKIPULAG

SKIPULAGSLÝSING – TILLAGA

LÝSING Á SKIPULAGSVERKEFNI

SAMKVÆMT 40. GREIN SKIPULAGSLAGA NR. 123/2010

18.10.2024

UNNIÐ FYRIR HRAUN Í ÖXNADAL EHF.



1 Inngangur

Landslag ehf. vinnur nú að gerð deiliskipulags sem nær yfir landsvæði sveitarfélagsins Hörgársveitar við Hraun í Öxnadal. Skv. skipulagslögum nr. 123/2010 skal við upphaf vinnu við gerð skipulagsáætlunar taka saman lýsingu á skipulagsverkefninu þar sem m.a. er skýrt hvernig staðið verði að skipulagsgerðinni.

Landslag ehf. hefur umsjón með gerð deiliskipulagsins og f.h. Landslags koma að verkinu Ómar Ívarsson skipulagsfræðingur SFFÍ og Ingvar Ívarsson landslagsarkitekt FÍLA.

Verkkaupi verkefnisins er Hraun í Öxnadal ehf. og tengiliðir verkkaupa eru Gunnar Már Gunnarsson og Hanna Rósa Sveinsdóttir.

2 Aðdragandi

Verkefnastjórn Hrauns í Öxnadal ehf. vinnur að uppbyggingaráætlun fyrir Hraun í Öxnadal. Markmiðið með uppbyggingunni er að heiðra minningu þjóðskáldsins Jónasar Hallgrímssonar en uppbyggingin felst í gerð gestastofu á svæðinu með aðstöðu fyrir einhverskonar fræðslu eða safn ásamt því að bæta aðstæður, aðkomu og bílastæði á þessum merka og sögufræga stað. Verkefnastjórnin hefur falið Landslagi ehf. að vinna deiliskipulag og umhverfishönnun fyrir svæðið og Kollgátu ehf. hönnun gestastofu sem verður í núverandi útihúsum á svæðinu.

3 Staðhættir og viðfangsefni

Bærinn Hraun í Öxnadal er þekktur sem fæðingarstaður skáldsins Jónasar Hallgrímssonar. Yfir bænum gnæfir hinn mikilfenglegi Hraundrangi og í Vatnsdalnum ofan við Hraun er Hraunsvatn. Frá bæjarhúsunum liggja fjórar stikaðar gönguleiðir upp að vatninu. Neðan bæjarins er Öxnadalsá sem markar útmörk landsvæðis Hrauns til austurs.

Þjóðvegur 1 liggur skammt frá bænum, handan árinna. Aðkomuvegur er frá þjóðveginum upp að bænum um akfæra brú yfir Öxnadalsá.


Á bæjarhólnum eru sex byggingar; fræðasetur, fjós, hlaða, fjárhús, geymsluskúr og hestakofi. Eina byggingin sem er í notkun er fræðasetrið sem reist var árið 1933 á grunni gamla torfbæjarins þar sem Jónas fæddist. Í húsinu hefur verið komið upp minningarstofu um Jónas Hallgrímsson ásamt því að innréttað hefur verið íbúð í húsinu sem er í útleigu af menningarfélagi Hrauns sem orlofsíbúð hjá kennarasambandinu. Húsið er ekki opið fyrir almenning en í boði eru einstaka viðburðir við sérstök tilefni, aðstaðan á svæðinu er því takmörkuð fyrir almenning til að staldra þar við. Engar formlegar göngutengingar eru á milli bygginganna, upplýsingaskilti né salernisaðstaða fyrir almenning sem fer um svæðið.

Hraun í Öxnadal er nokkuð vinsæll viðkomustaður meðal ferðamanna en til að bæta aðstöðu gesta að og um svæðið er þörf á að byggja þar upp aðstöðu og bæta aðgengi. Þörf er á að skipuleggja svæðið og skilgreina betur aðkomusvæði, bílastæði, gönguleiðir, áningar- og útsýnisstaði ásamt því að byggja upp gestastofu og að setja önnur ákvæði sem ástæða er til að skilgreina í deiliskipulagi.

Uppbygging við Hraun í Öxnadal kemur til með að veita einstakt tækifæri til þess að tengja saman arfleið þjóðskáldsins og náttúru staðarins. Uppbygging að Hrauni í Öxnadal er liður í áformum um uppbyggingu á söguslóðum sem gert er ráð fyrir að styðji við eflingu íslenskrar tungu og framþróun mikilvægara áfangastaða ferðamanna og þeirra gildi fyrir íslenskan menningararf.

4 Afmörkun skipulagssvæðisins

Skipulagssvæðið nær yfir um 1,15 ha svæði í landi Hrauns í Öxnadal. Svæðið afmarkast af Öxnadalsá í austri og bæjarhólnum og hans nánasta umhverfi að öðru leyti.



Mynd 1. Afmörkun skipulagssvæðisins.

5 Fornleifaskráning

Minjaskráning var gerð fyrir lítinn hluta skipulagssvæðisins vegna fyrirhugaðrar lagningar á ljósleiðara milli Varmahlíðar og Akureyrar, skráningin fór fram árið 2022 af Fornleifastofnun Íslands. Samhliða vinnu við deiliskipulag verður unnin minjaskráning fyrir allt skipulagssvæðið og verður tekið tillit til þeirrar skráningar í vinnu við deiliskipulag.

6 Friðlýsing

Árið 2007 var Hraun í Öxnadal friðlýst sem fólkvangur en með því að friðlýsa hluta jarðarinnar Hraun í Öxnadal er markmiðið að vernda svæðið til náttúruskoðunar, útivistar og fræðslu. Þar eru mikilvægar minjar um horfna búskaparhætti ásamt fjölbreyttu náttúrufari, landslagi og jarðmyndum en verndargildi svæðisins byggir á öllum þessum þáttum.

7 Skipulagsleg staða

Aðalskipulag.

Í gildi er Aðalskipulag Hörgársveitar 2012-2024. Skipulagssvæðið er skilgreint með hringtáknri sem samfélagsþjónusta (S6) en undirliggjandi landnotkun er landbúnaðarsvæði. Þá er Hraun í Öxnadal er friðlýst svæði (FS1) og er með hverfisvernd (HV10).

Bærinn Hraun er í aðalskipulagi skilgreindur með landnotkunina *Samfélagsþjónusta* og er lýsingin á þennan hátt: *S-6 Hraun – Fræðasetur og minningarstofa um Jónas Hallgrímsson*.


Í kafla um *Samfélagsþjónustu* eru eftirfarandi markmið:

Stuðlað verði að þjónustustarfsemi í dreifbýli til að renna styrkari stoðum undir byggð á svæðinu. Gert er ráð fyrir að starfsemi núverandi þjónustustofnana geti eflst og vaxið, eins og nánar verður skilgreint í deiliskipulagi.

Hverfisvernd HV-10 nær yfir minjasvæði í landi Hrauns og er lýsing svæðisins þessi:

Sem dæmi um áhugaverða minjastaði í landi Hrauns má nefna Melagerði (221:012) og nokkuð áhugavert garðlag er við Hraunsvatn (221:030) þar sem Hraunsá fellur úr Hraunsvatni.

Gert er ráð fyrir að deiliskipulag verði í samræmi við gildandi aðalskipulag.



Mynd 2. Hluti Aðalskipulags Hörgársveitar 2012-2024.

8 Skipulagsferli

Mögulegur tímarammi deiliskipulags:

| | |
|-------------------------|---|
| <i>Sept.- okt. 2024</i> | Unnið að skipulagslýsingu vegna fyrirhugaðrar vinnu við deiliskipulag. Eftir að skipulagslýsingin hefur verið afgreidd af skipulags- og umhverfisnefnd og sveitarstjórn mun hún vera kynnt, auglýst og vera aðgengileg á heimasíðu sveitarfélagsins: www.horgarsveit.is |
| <i>Okt.- nóv. 2024</i> | Unnið að tillögu að deiliskipulagi fyrir Hraun í samstarfi við sveitarfélagið. Deiliskipulag fullmótað með skipulagsupprætti, greinargerð og skilmálum. |
| <i>Des. 2024</i> | Tillaga að deiliskipulagi kynnt íbúum og öðrum hagsmunaaðilum. Tillaga að deiliskipulagi tekin fyrir á fundi skipulags- og umhverfisnefndar og á fundi sveitastjórnar þar sem tillagan er afgreidd í lögbundið auglýsingar- og kynningarferli. |
| <i>Des. – jan. 2025</i> | Tillaga að deiliskipulagi í lögbundnu auglýsingar- og kynningarferli. |
| <i>Feb. 2025</i> | Tillaga að deiliskipulagi tekin aftur fyrir á fundi skipulags- og umhverfisnefndar ásamt mögulegum athugasemdum og umsögum sem borist hafa. Tillaga að deiliskipulagi samþykkt af skipulags- og umhverfisnefnd og sveitarstjórn Hörgársveitar. |
| <i>Mars 2025</i> | Deiliskipulag sent Skipulagsstofnun sem hefur allt að þrjár vikur til að afgreiða málið. Að því loknu öðlast deiliskipulag gildi með auglýsingu í B-deild Stjórnartíðinda. |

9 Kynning og samráð

Í tengslum við vinnu við deiliskipulag verður haft samráð eða samband við þær stofnanir og hagsmunaaðila sem tengjast beint því sem snertir deiliskipulagsgerðina.

Helstu samráðsaðilar:

- *Skipulagsstofnun*
 - *Lýsing á skipulagsverkefni verður lögð fyrir Skipulagsstofnun við upphaf vinnu við deiliskipulag í samræmi við skipulagslög nr. 123/2010.*
- *Umhverfisstofnun*
- *Minjastofnun Íslands*
- *Heilbrigðiseftirlit Norðurlands eystra*
- *Vegagerðin*

Gert er ráð fyrir að lýsing þessi verði kynnt almenningi og hagsmunaaðilum í formi auglýsingar ásamt því að lýsingin mun vera aðgengileg á heimasíðu Hörgársveitar: www.horgarsveit.is